

Fréttatilkynning:

Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar 2008



Guðný Guðmundsdóttir fiðla og Gunnar Kvaran selló

Þriðjudaginn 19. ágúst kl. 20:30

Á sumartónleikum í Sigurjónssafni þann 19. ágúst næstkomandi munu hjónin Guðný Guðmundsdóttir og Gunnar Kvaran leika einleiks- og tvíleiksverk fyrir fiðlu og selló. Guðný Guðmundsdóttir og Gunnar Kvaran eru meðal þekktustu tónlistarmanna á Íslandi. Auk þess að leika saman í Tríói Reykjavíkur, sem fagnar 20 ára afmæli á árinu, hafa þau komið víða fram sem dúó, bæði heima og erlendis.

Meistaraverk Johann Sebastian Bachs mynda meginþema efnisskrárinnar. Þá verður hlaupið yfir nokkur tímabil tónlistarsögunnar og leikin verk frá 20. og 21. öldinni. Verkin sem flutt verða eru *Svíta nr. 2* í d-moll fyrir einleiksselló eftir Bach, *Eintal fyrir einleiksfíðlu* eftir Karólínu Eiríksdóttur, *Ciaconne* úr partitu í d-moll fyrir einleiksfíðlu eftir Bach og *Sónatína* í E-dúr fyrir fiðlu og selló eftir Arthur Honegger. *Sónatína* í E-dúr eftir Arthur Honegger er frískleg og skemmtileg tónsmíð og afar vel skrifuð fyrir hljóðfærin, sem fá að njóta sín til hins ýtrasta. Karólína Eiríksdóttir hefur samið fjöldann af verkum allt frá einleik upp í sinfónísk verk og óperur. Verk hennar hafa verið flutt víða um heim við góðan orðstír. Verkið *Eintal* samdi hún snemma árs 2008 og tileinkaði Guðnýju í tilefni stórafmælis hennar og var það frumflutt 27. mars síðastliðinn.

Miðasala á tónleikana fer fram við innganginn, einnig er hægt að kaupa miða í síma 553-2906. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

Hægt er að ná í Guðnýju og Gunnar í eftirtöldum símanúmerum vegna viðtals og myndatöku. Sími: 561 3316, Guðný farsími: 698 5416, Gunnar farsími: 699 5416. Einnig er hægt að hafa samband með tölvupósti ggkvaran@mmedia.is

Prentað ljósmynd af tónlistarfólkinu: <http://www.lso.is/tonl/08-08-19-GG.jpg>
Heildardagskrá sumartónleikanna: http://www.lso.is/tonl_i.htm

Ábyrgðarmaður fréttatilkynningar:
Steinunn Þórhallsdóttir, Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, sími 553 2906, www.lso.is



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar